

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Ráðherra kveður á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir, nema á annan veg sé mælt í lögum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin lagaákvæði:

- a. Við 2. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sbr. 10. gr. laga nr. 73/1996, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:
Aðsetur sjóðsins skal vera í Borgarnesi, nema ráðherra ákveði annað.
- b. Við 1. gr. laga nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Aðsetur Blindrabókasafns Íslands er í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
- c. Við 1. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað.
- d. Við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. 148. gr. laga nr. 83/1997, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Veiðistjóraembættið hefur aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.
- e. Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Aðsetur Siglingastofnunar er í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
- f. Við 4. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Ríkislögreglustjóri hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
- g. Við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Stofnunin hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
- h. Við 1. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:
Verðlagsstofa skiptaverðs skal hafa aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.
- i. Við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.